

Valkerfi Vallaskóla

Skólaárið 2012-2013

ATH: Faglýsingar eru birtar hér með fyrirvara um breytingar á námskrá.

9. bekkur

Nemendur í 8. og 9. bekk fá einnar kennslustundar fræðslu um það hvernig valkerfi Vallaskóla virkar. Sú fræðsla á sér í febrúarmánuði, rétt fyrir foreldraviðtöl á vetrarönn. Samhliða er gerð forkönnun á vali nemenda og aflað upplýsinga um mögulegan fjölda í vali komandi skólaárs. Fyrir annaskipti fá nemendur svo valseðil til að taka með heim og **velja fög í samráði við foreldra sína**. Í foreldraviðtali er farið yfir seðilinn, í samvinnu við umsjónarkennara. Eftir það er hann afhentur og upplýsingarnar færðar inn í tölvukerfi Vallaskóla og þær vistaðar. Ekki verður hægt að breyta vali eftir þetta (þó með fyrirvara um fjölda í hópum). Því er áriðandi að valið sé gaumgæfilega og horft til framtíðar í þeim efnum. Alltof oft sjá nemendur eftir vali sínu og þá er kannski orðið of seint að breyta.

Nemendur eru hvattir til að velja fög sem samrýmast áhuga þeirra og framtíðarsýn. Það hefur ekki reynst góð regla að haga vali sínu eftir því sem vinur manns ætlar að gera. Margir hafa séð eftir því.

Að fylgja valseðlinum

Nemendur í 9. og 10. bekk eiga að vera með samtals 37 kennslustundir á viku. 27 stundir mynda kjarna, sem ákveðinn er fyrirfram, en nemendur fá að velja 10 stundir. Þessar 10 stundir eru skilgreindar á valseðli.

Stokkaval

Hvernig er svo valið á valseðlinum: Nemendur eiga að velja eitt fag úr hverjum valstokki (samtals 5 fög) - **strika undir fagheitið**. Það gerir 10 stundir alls. Hvert fag miðast við tvær stundir á viku.

Metið val er nokkuð sem margir nemendur notfæra sér. Séu þeir annað hvort í tónlistarnámi, viðurkenndu æskulýðsstarfi (t.d. skátastarfi, nemendaráði/félagi eða björgunarsveit) eða í íþróttafélagi, og þar með í skipulögðu starfi, mega þeir draga allt að fjórar kennslustundir af veltímum sínum. **Því skal strika undir íþróttir og aðrar tómsstundir, tónlistarnám eða þjálfun og félagsstörf.**

Dæmi: Nemandi er að þjálfa fimleika en er einnig í tónlistarnámi utan skólans. Þetta jafngildir fjórum metnum valstundum. Nemandinn byrjar á því að velja eitt fag úr hverjum stokki og strikar svo undir þjálfun og félagsstörf (fimleikaþjálfun) og tónlistarnám (píanótímar). Þegar skólaárið hefst þá fær nemandinn stundatöflu þar sem búið er að draga metið val frá heildarstokkavalinu (en því ráða skólastjórnendur). Þessi nemandi þarf því bara að mæta í 6 veltíma en ekki 10.

Skólavinur: Hafi nemandi áhuga á að gerast skólavinur í Vallaskóla þá er hægt að fá það starf sem metið val. Að vera skólavinur felst m.a. í því að taka almennt þátt í tómsstundastarfi yngri nemenda í skólanum, t.d. í leikjum í frímínútum og vera góður félagi og fyrirmynd ákv. yngri nemenda. Sá sem gerist skólavinur verður undir leiðsögn starfsmanns og fylgir ákveðnu starfsplani. Þeir sem hafa áhuga á þessu eru vinsamlega beðnir um að hafa samband við skólastjórnendur.

Nemendur skila inn sérstakri staðfestingu (útfylltu eyðublaði) á metnu vali síðar á skólaárinu.

Stokkur 1

Stærðfræði: Bóklegt fag. Helstu markmið í **9. og 10. bekk** - að nemendur (2 tíma á viku): 1. glæði áhuga sinn á stærðfræði og byggi upp sjálfstraust gagnvart greininni, 2. auki skilning sinn á stærðfræði, 3. fái krefjandi viðfangsefni. Þessir tímar eru góður undirbúningur undir frekara nám í stærðfræði. Námsmat: Símat skv. námsmatsstefnu Vallaskóla.

Hraðferð í 9. bekk: Nemendur vinna með námsefni 10. bekkjar í valtimanum og í kjarnatímum að einhverju leyti. Faginu er ætlað að styðja við hraðferð í 10. bekk en þar er stuðst við framhaldsskólaefni.

Ath! Allir nemendur sækja stærðfræði í kjarna, þ.e. þeir mæta í alla stærðfræðitíma bekkjarins líka.

Myndmennt: Verklegt fag. Helstu markmið í **9. og 10. bekk** - að nemendur (2 tíma á viku): 1. kynnist mismunandi tjáningarleiðum í myndlist, 2. öðlist innsýn í heim myndmáls og lista og 3. þroski þannig skilning og færni til að vinna sjálfstætt úr eigin hugmyndum. Unnið verður m.a. með módelteikningu, vatnsliti, akrýlliti, þrívídd og grafík. Námsmat: Símat skv. námsmatsstefnu Vallaskóla með áherslu á virkni, hegðun, frumkvæði og vinnubrögð.

Tölvur: Verklegt og bóklegt fag. Helstu markmið í **9.-10. bekk** - að nemendur m.a. (2 tíma á viku): 1. geti unnið með fjölbreytt forrit á breiðum grundvelli upplýsingatækni, 2. geti unnið með stafrænar ljósmyndir, 3. fái innsýn í tækniteiknun og 4. geti unnið með önnur stærðfræðileg viðfangsefni. Námsmat: Símat skv. námsmatsstefnu Vallaskóla með áherslu á verkefnaskil, virkni og sköpun.

Nýsköpun: Verklegt og bóklegt fag. Helstu markmið í **9.-10. bekk** - að nemendur m.a. (2 tíma á viku): 1. nýti og skilji sköpunarmátt sinn og frumkvæði, 2. beiti gagnrýnni hugsun í virkjun hugarafis, 3. skilji tengsl þess að búa til eða endurbæta hluti/verk út frá hugmyndum sínum, 3. móti ferli hugmyndafræði framkvæmd, 4. hrindi hugmyndum sínum í framkvæmd (eins og hægt er). Námsmat: Símat skv. námsmatsstefnu Vallaskóla með áherslu á frammistöðu nemenda í tímum, frumkvæði, samvinnu, vinnusemi og hegðun.

Landfræði: Bóklegt fag. Helstu markmið í **9. og 10. bekk** - að nemendur (2 tíma á viku): 1. kanni yfirborð jarðarinnar og læra á álfur, lönd og áhugaverð svæði nær og fjær, 2. öðlist læsi á landfræðilegar upplýsingar af ýmsum toga, 3. læri að nota nútímaupplýsingatækni til að afla sér upplýsinga og 4. verði fær um að koma þekkingu sinni á framfæri með fjölbreyttum hætti. Námsmat: Símat skv. námsmatsstefnu Vallaskóla. Sérstök áhersla er lögð á hópavinnu og verkefnaskil.



Stokkur 2

Enska: Bóklegt fag. Helstu markmið í **9. og 10. bekk** - að nemendur (2 tíma á viku): 1. lesa bókmenntir og gera bókmenntaverkefni, 2. horfa á enskar kvikmyndir, 3. músíkpæla á ensku, 4. taka sérstakan tíma í hlustunarefni og málfræði og 5. sinna heimavinnu í kjarnafagi og einstaklingsbundinni vinnu. Námsmat: Símat skv. námsmatsstefnu Vallaskóla.

Hraðferð í 9. bekk: Nemendur vinna með námsefni 10. bekkjar í valtimanum og í kjarnatímum að einhverju leyti. Faginu er ætlað að styðja við hraðferð í 10. bekk en þar er stuðst við framhaldsskólaefni.

Ath! Allir nemendur sækja ensku í kjarna, þ.e. þeir mæta í alla enskutíma bekkjarins líka.

Textíl: Verklegt fag. Helstu markmið í **9. og 10. bekk** - að nemendur (2 tíma á viku): 1. beiti mismunandi aðferðum textílgreinarinnar við úrvinnslu verkefna, 2. beiti réttum vinnubrögðum og meðhöndli áhöld, verkfæri og vélar af öryggi, 3. noti handbækur og þjálfist í að vinna eftir skriflegum vinnuleiðbeiningum, 4. vinni sjálfstætt að eigin textílverki og beiti áunninni þekkingu, 5. læri að meta eigin verk á mismunandi vinnslustigum og rökstyðja matið, 6. skilji að skipulag vinnuferlis og góð nýting hráefnis skiptir sköpum í framleiðslu textílmuna, 7. noti orðaforða greinarinnar, 8. kynnist og öðlist færni í sem flestum þáttum textílmennar, s.s., þrjúni, hekli, vélsaumi, bútaumi, fatasaumi, körfugerð, útsaumi, þæfingu, textílmálun og fleira. Námsmat: Símat skv. námsmatsstefnu Vallaskóla með áherslu á vinnubrögð, vinnusemi og verkefni nemenda.

Íþróttir: Verklegt og bóklegt fag. Helstu markmið í **9. og 10. bekk** - að nemendur (3 tíma á viku): 1. kynnist sem flestum íþróttagreinum með hjálp fyrirlestra og verklegum æfingum, 2. læri að búa til tímaseðla og vinna eftir þeim, 3. nemendur læri að kenna íþróttir, 4. fái heimsókn gestakennara sem kynna mismunandi íþróttagreinar. Námsmat: Símat skv. námsstefnu Vallaskóla með áherslu á námsástundun og verkefnaskil.

Trémiði: Verklegt fag. Helstu markmið í **9. og 10. bekk** - að nemendur (2 tíma á viku): 1. kunni að hanna, teikna og smíða nytjahluti með listræna útfærslu í huga og 2. auki færni sína í að beita handverkfærum. Unnið verður með skylduverkefni en einnig verkefni að eigin vali í samráði við kennara. Námsmat: Símat skv. námsmatsstefnu Vallaskóla með áherslu á virkni, hegðun, frumkvæði og vinnubrögð.

Bútasaurur: Verklegt fag. Helstu markmið í **9. og 10. bekk** - að nemendur (2 tíma á viku): 1. öðlist færni í notkun saumavélar, 2. læri grunnatriði bútasauris og 3. læri að vattstinga. Námsmat: Símat skv. námsmatsstefnu Vallaskóla með áherslu á vinnubrögð, vinnusemi og verkefni nemenda.



Stokkur 3

Íslenska: Bóklegt fag. Helstu markmið í **9. og 10. bekk** - að nemendur (2 tíma á viku): 1. nái betri tökum á tungumálinu almennt, 2. þjálfist meira í lestri og ritun og auki þannig skilning sinn á íslenskrari tungu og 3. geti tjáð sig í riti og ræðu en nemendur eru hvattir til að hafa skoðun og geta rökstutt hana. Námsmat: Símat skv. námsmatsstefnu Vallaskóla.

Hraðferð í 9. bekk: Nemendur vinna með námsefni 10. bekkjar í valtímanum og í kjarnatímum að einhverju leyti. Faginu er ætlað að styðja við hraðferð í 10. bekk en þar er stuðst við framhaldsskólaefni.

Ath! Allir nemendur sækja íslensku í kjarna, þ.e. þeir mæta í alla íslenskutíma bekkjarins líka.

Leirlist: Verklegt fag. Helstu markmið í **9. og 10. bekk** - að nemendur (2 tíma á viku): 1. læri helstu aðferðir í leirmótun, 2. læri ferlið frá leirmótun til lokabrennslu, 3. læri meðferð efna og hættur sem af þeim geta stafað, 4. læri frágang á verkefnum, verkfærum og glerungum, 5. þekki muninn á handverki og fjöldaframleiðslu, 6. læri að hanna og útfæra eigin hugmyndir í leir, 7. læri sjálfstæð og vönduð vinnubrögð og 7. læri að hagnýta sér upplýsingatækni við leit að hugmyndum. Námsmat: Símat skv. námsmatsstefnu Vallaskóla með áherslu á virkni, hegðun, frumkvæði og vinnubrögð.

Heimilisfræði: Verklegt og bóklegt fag. Helstu markmið í **9.-10. bekk** - að nemendur m.a. (2 tíma á viku): 1. geti unnið sjálfstætt eftir uppskriftum, 2. geri sér grein fyrir mikilvægi rétttrar meðhöndlunar hráefnis, geymslu og nýtingu matvæla, 3. þjálfist í að matreiða góðan mat með fjölbreyttum aðferðum, 4. kynnist grænmetisfræði, kostum þess og göllum, 5. fræðist um þjóðarrétti Íslendinga, 6. kynnist mismunandi matarmenningu. Námsmat: Símat skv. námsmatsstefnu Vallaskóla með áherslu á frammistöðu nemenda í tímum, frumkvæði, samvinnu, vinnusemi og hegðun. Matreiðslubók er einnig metin.

Handavinna/fatasaurur: Verklegt fag. Helstu markmið í **9. og 10. bekk** - að nemendur (2 tíma á viku): 1. beiti mismunandi aðferðum textílgreinarinnar við úrvinnslu verkefna, 2. beiti réttum vinnubrögðum og meðhöndli áhöld, verkfæri og vélar af öryggi, 3. noti handbækur og þjálfist í að vinna eftir skriflegum vinnuleiðbeiningum, 4. vinni sjálfstætt að eigin textílverki og beiti áunninni þekkingu, 5. læri að meta eigin verk á mismunandi vinnslustigum og rökstyðja matið, 6. skilji að skipulag vinnuferlis og góð nýting hráefnis skiptir sköpum í framleiðslu textílmuna, 7. noti orðaforða greinarinnar. Námsmat: Símat skv. námsmatsstefnu Vallaskóla með áherslu á vinnubrögð, vinnusemi og verkefni nemenda.

Heilsufræði: Verklegt fag. Helstu markmið í **9. og 10. bekk** - að nemendur (2 tíma á viku): 1. beiti mismunandi aðferðum textílgreinarinnar við úrvinnslu verkefna, 2. beiti réttum vinnubrögðum og meðhöndli

Stokkur 4

Náttúrufræði: Verklegt og bóklegt fag. Helstu markmið í **9.-10. bekk** - að nemendur m.a. (2 tíma á viku): 1. auki við hugtakaskilning sinn í náttúrufræði, 2. geri tilraunir, vinni verkefni, skoði myndbönd og ræði um náttúrufræðileg efni og 3. vinni jafnt í hópum sem einstaklingsbundið. Námsmat: Símat skv. námsmatsáætlun Vallaskóla með áherslu á virkni, verkefnaskil og nákvæmni í vinnubrögðum.


Iðnnám: Verklegt fag ásamt fyrirlestrum. Helstu markmið í **9.-10. bekk** - að nemendur m.a. (2 tíma á viku): 1. kynnist flestum iðngreinum og námi þeim tengdum, 2. þekki sameiginlegan grunn iðngreina þar sem hugur og hönd sameinast sem aldrei fyrr, 3. kynnist iðngreinum á vettvangi með fyrirtækjaheimsóknum, 4. fái að prófa sig áfram í verklegri vinnu, 5. kynnist iðngreinum í umfjöllun gestafyrirlesara, 6. kynnist rekstri fyrirtækja í iðngreinum. Námsmat: Símat skv. námsmatsstefnu Vallaskóla með áherslu á ferilmöppu (portfolio) og lokaverkefni.

Heimspeki: Bóklegt fag. Helstu markmið í **9.-10. bekk** - að nemendur m.a. (2 tíma á viku): 1. tileinki sér heimspékilega og sjálfstæða, gagnrýna hugsun, 2. verði betur meðvitaðir um áhrifamátt fjölmiðla, 3. efli sjálfstraust sitt svo þeir geti sjálfir valið og hafnað því sem í boði er í nútímaþjóðfélagi. Reynt verður að svara því í hverju heimspeki er fólgin og hvernig hún nýtist í daglegu lífi okkar; m.a. með því að vinna með siðfræðileg og sálfræðileg efni. Námsmat: Símat skv. námsmatsstefnu Vallaskóla með áherslu á verkefnaskil og jafningjamat.

Útivist: Verklegt og bóklegt fag. Helstu markmið í **9. og 10. bekk** - að nemendur (2 tíma á viku en mögulega verður kennt í lotum, t.d. 4-6 tíma í einu): 1. læri að skilja og njóta útivistar, 2. læri að skipuleggja styttri ferðir af ólíkum toga og með ólík markmið í huga (einstaklings- og/eða hópferðir), 3. kunni að búa sig upp miðað við aðstæður og veður, 4. hafi lágmarks tæknikunnáttu (s.s. varðandi notkun landakorta, staðsetningartækja og geti bjargað sér með einföldum viðgerðum). Námsmat: Símat skv. námsstefnu Vallaskóla með áherslu á þátttöku og vinnusemi. Útivistarferðir verða m.a. gönguferðir, fjallgöngur og hjólaferðir. Stefnt er á að fara a.m.k. eina lengri ferð, t.d. á kajak, skíði eða í skála.

Saga: Bóklegt fag. Helstu markmið í **9.-10. bekk** - að nemendur m.a. (2 tíma á viku): 1. öðlist heildarsýn á sögu mannkyns frá því að fyrstu menningarsamfélögin myndast til okkar daga, 2. læri að nota nútímaupplýsingatækni til að afla sér upplýsinga, 3. þjálfist í nota gagnrýna hugsun við að leita orsaka og greina afleiðingar, 4. verði fær um að koma þekkingu sinni á framfæri með fjölbreyttum hætti. Námsmat: Símat skv. námsmatsstefnu Vallaskóla. Sérstök áhersla er lögð á sjálfstæð vinnubrögð.

Leiklist og framkoma: Verklegt og bóklegt fag. Helstu markmið í **9.-10. bekk** - að nemendur m.a. (2 tíma á viku en mögulega verður kennt í lotum þannig að nemendur klári fagið fyrr á skólaárinu): 1. leggi áhersla á að hópurnir vinni leikverk frá upphafi til enda, 2. að þeir sjái nánast alfarið um að semja handrit undir leiðsögn, 3. og þegar gróft uppkast af handriti er tilbúið verður farið af stað að setja upp leikritið, 4. að nemendur taki þá virkan þátt í að þróa handritið og gera á því breytingar ef þarf, sjá um sviðsmynd, búninga, förðun, hljóðvinnslu, sviðsbrellur, o.s.frv., 6. að nemendur fái því að vera með puttana í öllu sem tengist því að setja upp leiksýningu. Námsmat: Símat skv. námsmatsstefnu Vallaskóla með áherslu á sköpun, virkni og vinnusemi í leikgerð, aga, skipulag og samvinnu.



Stokkur 5

Hreysti: Verklegt og bóklegt fag. Helstu markmið í **9. og 10. bekk** - að nemendur (3 tíma á viku): 1. geri sér grein fyrir gildi hreyfingar og hollrar næringar fyrir heilsuna, 2. kynnist sem flestum leiðum til líkamsræktar, 3. öðlist betri líkamsvitund, 4. öðlist þekkingu á almennri hreysti, 5. læri að þjálfa sjálfan sig eftir ákveðinni æfingaáætlun og 6. að búa til sína eigin áætlun og vinna eftir henni. Námsmat: Símat skv. námsstefnu Vallaskóla með áherslu á námsástundun, verkefnaskil og lokaverkefni.

Handverk: Verklegt fag. Helstu markmið í **9. og 10. bekk** - að nemendur (2 tíma á viku): 1. kynnist fjölbreyttum aðferðum og efnum, 2. uppgötvu nýja hæfileika og 3. geti valið sér tómtundaiðju. Boðið verður upp á ýmiss konar handverk og unnið í margs konar efni til að kynna nemendum fjölbreytni innan handverksgreina. Námsmat: Símat skv. námsmatsstefnu Vallaskóla með áherslu á virkni, hegðun, frumkvæði og vinnubrögð.

Tónlist: Verklegt fag. Helstu markmið í **9. og 10. bekk** - að nemendur (2 tíma á viku): 1. setji á stofn hljómsveit, 2. æfi nokkur lög og setji upp dagskrá, 3. flytji lögin á tónleikum. Nemendur fá að taka þátt í að velja lögin en þó verða útsetningar að henta öllum þeim hljóðfærum sem notast verður við. Mikilvægt er að nemendur kunni eitthvað á hljóðfærin sín.
- ath. mjög takmarkaður hópur getur tekið þátt í þessu vali og því þarf að velja á milli umsækjenda.

Ljósmyndun (stafræn): Verklegt og bóklegt fag. Helstu markmið í **9. bekk** - 1. að nemendur skilji tæknina á bakvið ljósmyndun. 2. skilji og kunni að vinna með þætti eins og hraða, ljósop, ISO, fókus osfrv., 3. Læri uppbyggingu ljósmynda, 4. kunni að setja stafrænar myndir inn á tölvu og vinna með þær. Æskilegt er að nemendur hafi aðgang að myndavél. Námsmat: Símat skv. námsmatsstefnu Vallaskóla með áherslu á frammistöðu nemenda í tímum, frumkvæði, samvinnu, vinnusemi og hegðun.

Danska: Bóklegt og verklegt fag. Helstu markmið í **9. og 10. bekk** - að nemendur (2 tíma á viku): 1. að hlusta á dönsku með hjálp kvikmynda og tjái sig um myndina, ásamt fleiri munnlegum æfingum á dönsku, 2. skoði menningu í Danmörku og gera verkefni því tengt (tónlist, viðburðir ofl.), 3. að nemendur taki þátt í Nordplus-verkefninu m.a. með því að koma á tengslum við danska nemendur. Námsmat: Símat skv. námsmatsstefnu Vallaskóla með áherslu á frammistöðu nemenda í tímum, frumkvæði, samvinnu, vinnusemi og hegðun.

Fjölmiðlun: Verklegt og bóklegt fag. Helstu markmið í **9.-10. bekk** - að nemendur m.a. (2 tíma á viku): 1. kynnist eðli fjölmiðla, 2. prófi vinnubrögð sem tíðkast í fjölmiðlaheiminum almennt og 3. kynnist fjölmiðlarekstri í fyrirtækjaheimsóknum. Markmiðið er að námið sé eins hagnýtt og kostur er og því er gert ráð fyrir útgáfu greina eða gerð handrita og vinnu með ljósmyndir. Námsmat: Símat skv. námsmatsstefnu Vallaskóla með áherslu á verkefnaskil og vinnuöppu, ásamt frumkvæði og sköpun. Lokaverkefni.



Að flýta námi

Flýting á námi í grunnskóla í 9. og 10. bekk, eins og hún birtist í valkerfi miðast við áherslur fræðsluyfirvalda Sveitarfélagsins Árborgar um sveigjanleika í skólastarfi, lög um grunnskóla frá árinu 2008 og reglugerð menntamálaráðuneytisins um inntöku nemenda í framhaldsskóla frá árinu 2009.

1. Nemendur í 10. bekk geta stundað nám í framhaldsskólaáföngum (103-áfanga) í allt að þremur fögum á heilu skólaári, innan skólans, í fjarnámi. Nemendur stunda námið í valtímum og að einhverju leyti í kjarnafögum. Þeir taka lokapróf að vori í áfanganum og einnig lokapróf grunnskólans í faginu.

2. Nemendur í 10. bekk geta sótt um að útskrifast um áramót á því skólaári og hefja nám í Fjölbautaskóla Suðurlands. Er hér um að ræða sérstakt námstilboð fyrir nágrannaskóla Fsu. Nemendur verða að standast ákveðin skilyrði sem hægt er að skoða betur á heimasíðu Vallaskóla undir liðnum „Að útskrifast fyrir“.

3. Önnur leið er einnig fyrir hendi, þ.e. vilji nemandi í lok 9. bekkjar útskrifast alveg úr grunnskóla, enda hafi hann sýnt fram á mjög góðan vitnisburð í sem flestum fögum og mat kennara hans er jákvætt í nánast öllum atriðum (þ.m.t. ástundun), er honum það heimilt skv. lögum. Slík ákvörðun verður þó að vera tekin að vel yfirlögðu ráði og í góðri samvinnu við forráðamenn. Nemendur verða að standast ákveðin skilyrði sem hægt er að skoða betur á heimasíðu Vallaskóla undir liðnum „Að útskrifast fyrir“.

Að breyta vali og upplýst samþykki foreldra

Breytingar á vali geta átt sér stað á skólaárinu þó svo að gengið sé út frá þeirri reglu **að ekki sé hægt að breyta eftir að valið er staðfest með undirskrift forráðamanns**. Verði hins vegar breyting á vali nemandans fá forráðamenn tilkynningu um það með tölvupósti.